




Lundur - deiliskipulag, samþykkt í bæjarstjórn 14. desember 2004 msbr. birt í B- deild Stjórntíðinda 17. mars 2005 Grunnmynd í mkv. 1:1000



Tillaga að breyttu deiliskipulag Lundar. Grunnmynd í mkv. 1:1000

## Digranes. Lundur. Breytt deiliskipulag.

Breyting skv. 2 mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010  
Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 132, dags. 5. desember 2022.  
ONE / 2206018

**Greinargerð:**  
**Stærð og afmörkun:**  
Gildandi deiliskipulag Lundar sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs 14. desember 2004 og birt í B- deild Stjórntíðinda 17. maí 2005 nær til um 10 ha lands. Umrædd breyting á deiliskipulagi Lundar nær aðeins til grænna svæða, leiksvæða og göngustíga á öllu skipulagssvæðinu. Að öðru leyti er vísað í ofangreint deiliskipulag og þær eftirtaldir breytingar sem samþykktar hafa verið og gerðar á skipulagssvæðinu frá 2004: Lundur 8-80 staðfest á fundi bæjarstjórnar 12. febrúar 2008, Lundur 86-92 staðfest á fundi bæjarráðs 18. mars 2011, Lundur 17-23 staðfest í bæjarstjórn 30. nóvember 2011, Lundur 2, 4 og 6 staðfest á fundi bæjarráðs 23. ágúst 2012, Lundur 5 staðfest á fundi bæjarstjórnar 21. október 2012, Lundur 8-18 staðfest í bæjarstjórn 24. febrúar 2015, Lundur 24-26 og 28-30 staðfest í bæjarstjórn 13. mars 2018, Lundur 20 og 22 staðfest í bæjarstjórn 11. febrúar 2020

**Breytt deiliskipulag:**  
Í breytingunni felst að gert verður stórt leik- og útivistarsvæði norðan Lundar 88-90 og vestan Lundar 60, 66 og 72. Á umræddu svæði verður komið fyrir þrjúvelli um 540 m<sup>2</sup> að stærð, æfingarsvæði til líkamsræktar á gervigrasi, gróðurbeðum, niðurgröfnu trambólíni og leiktækjum fyrir börn. Fallið er frá að koma fyrir boltavelli sem ráðgert var að koma fyrir á svæðinu. Einnig er hætt við að koma fyrir kórufótboltavelli sem fyrirhugaður var austanvert við Lund 86 þar sem svæðið er talið vera of lítið og óhentugt vegna landhalla. Einnig er hætt við að koma fyrir kórufótboltavöllum við Lund 5 og 11


**Ferill málsins:**  
Á embættisfundi skipulagsfulltrúa 1. júní 2022 var samþykkt með tilvísan í 2. gr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna fyrir íbúum Lundar tillögu dags. 31. maí 2022 að leiksvæði norðan við Lund 90. Kynningartíma lauk 6. júlí 2022. Athugasemdir bárust. Á fundi skipulagsráðs 15. ágúst 2022 var erindið lagt fram að nýju ásamt innsendum athugasemdum og því frestað og vísað til umsagnar skipulagsdeildar. Á fundi skipulagsráðs 5. desember 2022 var erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsdeildar dags. 1. desember 2022 þar sem tekið er fram í niðurstöðu umsagnar að mælt sé með að uppráttur verði uppfærður og endurauglýstur. Skipulagsráð samþykkir uppfærðan upprátt og að hann verði grenndarkynntur að nýju með áorðnum breytingum dags. 25. nóvember 2022 fyrir lóðarhöfum í Lundi. Þann 13. apríl 2023 var haldinn fundur með nemendaráðum Snælandsskóla þar sem ofangreind tillaga var rædd.

Kópavogi, 28. apríl 2023

Auður D. Kristinsdóttir  
skipulagsfulltrúi




Skýringarmynd. Leiktæki úr við



Skýringarmynd. Fyrirkomulag og umfang leiktækja.

**Skýringar**

	Mörk skipulagsvæðis		Bilastæði
	Löðamörk		Viðmóðunar hæðarkötur
	Bindandi byggingarlína		Hraðahindrun / 30 km háð
	Byggingarreitir		Núverandi byggingar
	Byggingarreitir útbýgginga		Gangstígur
	Byggingarreitir þakhæðar		Akfer gangstígur (slökkvilið)
	Byggingarreitir bilageymslu		Grunnkort
	Íbúða-/hæðarskili húss, lega ekki bindandi		Frámærð frestað
	Einbýlishús/Reihús/Fjölbýlishús		Húsnúmer
	Fjöldi hæða / fjöldi íbúða		Trjúlundur
	Leiksvæði		
	Flatarmál íbúa		
	Fjöldi bilastæða / stæði / bilageymslu		
	Kvóð um trjágróður		
	Gangstítt / gata		




Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019 til 2040

Samþykkt í bæjarstjórn 28. september 2021



skýringarmynd. Niðurg. trambólín



Skýringarmynd. Loftmynd af svæði Lundar. Staðsetning leiksvæða. mkv. 1:1000 / prent úr A0 í A3